



Akstursípróttasamband Íslands

## Fundargerð

**Staður og tími:** Zoom fjarfundur - 3. ágúst 2022 kl. 22:00

**Mættir aðalmenn:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH).

**Mættir varamenn:**

**Fjarverandi:** Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmaður.  
Sigurjón Andersen (SA), Sigfús B Sverrisson (SBS) varamenn

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

BÞB og AS rituðu fundargerð.

### Eina efni fundarins var svohljóðandi ósk frá Bílaklúbbi Akureyrar.

*Góða kvöldið,*

*Við hjá Bílaklúbbi Akureyrar óskar eftir að 4 umferð Íslandsmótsins í Rallycrossi sem á að vera haldin hér á Akureyri laugardaginn verði frestað til 3 september og verður haldin hjá AÍH í Hafnarfirði.*

*Ástæðan fyrir þessari ósk er að brautin er ekki fullkláruð og við viljum ekki að úrslit ráðist til Íslandsmeistara á braut sem er með lágmarks kröfum í brautargerð. Framkvæmdir hafa dregist á langinn.*

*Við áttum okkur á því að þetta sé stuttur fyrirvari með þessa breytingu og þess vegna óskum við eftir að halda Bikarmót hér á laugardaginn til þess að leyfa keppendum og öðrum áhugamönnum að prufa að keppna á nýju brautina en að hún sé ekki að gilda til Íslandsmeistara.*

*Við höfum haldið fund með keppnisráðinu í Rallycrossi og tjáð þeim um hvernig staðan er. Þeir hafa samþykkt þessar breytingar. Þið eigið von á bréfi frá þeim*

*Kv. Hrefna*

Stjórnin samþykkir að vísa málinu til dómnefndar í viðkomandi keppni.

Um dómnefnd segir; 11.9.3.n getur frestað keppni sökum Force Majeure eða af alvarlegum öryggisástæðum.

Fundi slitið kl 23:05